



**VÖRÐUR**

vikublað, kemur út á laugard.  
 Ritstj.: **Árni Jónsson frá Múla,**  
 Hellusundi 6.  
 Afgreiðslumaður og gjaldkeri:  
**Ásgeir Magnússon,**  
 Hrannarstig 3.  
 Skrifstofa í Varðarhúsi:  
 Ritstjórnin við fyrst um sinn  
 10—12 árd. og 5—7 síðd.  
 Sími 2339.  
 Afgreiðsla í Varðarhúsi:  
 Opn 1—4 síðd. Sími 2339.  
 Verð 8.00 kr. árg. Gjalddagl  
 1. júlí. Einstök tölublað 15 au.  
 Heimasími  
**Árna Jónssonar 869.**  
 Heimasími  
**Ásgeirs Magnússonar 1432.**

sögn hans í Tímanum er enn nýr vitnisburður um ósannsögli hans — jafnvel í smávægilegum atriðum, og jafnframt auglýsing þeirrar spillingar, að hneykslanlegt sje að menn njóti þess sjálfsagða rjettar að fá mikilsvarðandi vafaatriði borin undir dómstólana.

**Stjórnin og læknarnir.**

Á læknahöfningu, sem háð var hjer í Reykjavík í sumar, varð eitt aðalræðuefnið embættaveitingar stjórnarinnar. Hafði dómsmálaráðherranum verið boðið til fundarins til þess að gera grein fyrir stefnu sinni í þessum efnunum. En hann kom ekki á fundinn.  
 Á fundinum kom fram einróma óánægja með aðgerðir dómsmálaráðherrans og var nefnd kosin til þess að gera tillögur um með hverju móti yrði afstýrt ranglæti því, sem lækna-stjettin hefði verið beitt.

Nefndin bar síðan fram þá tillögu, að lækna kysi *embættaveitinganeftnd.* — Segir *Lækna-bláðið* (júli—ágúst) svo frá þessu:

„Guðm. Hannesson hafði orð fyrir nefndarmönnum. Taldi hann lítil líkindi til þess, að áskoranir eða yfirlýsingar til heilbrigðisstjórnarinnar kæmi að miklu haldi. Hinsvegar væri það ekki ólíklegt, að Lækna-fjelag Íslands gæti borið hönd fyrir höfuð sjer, meðan svo stæði, að tillögur landlæknis væru virtar að vettugi. Mætti t. d. krefjast þess af fjelagsmönnum, að allar umsóknir um embætti væru því skilyrði bundnar, að farið væri eftir tillögum landlæknis. Þó væri ýmsir agnár á þessu, því að stjórnin gæti þröngvað kosti landlæknis á ýmsan hátt, jafnvel sett hann af og tekið annan, sem færi í öllu að vilja stjórnarinnar. Nefndin hefði því orðið ið sammála um, að heppilegra væri að stofna *embættaneftnd*, skipaða læknum, sem allar umsóknir gengi til, og hefði hún vald til að velja úr eina eða fleiri, sem gengju til veitingavaldsins. Kæmi hún þá að nokkru í stað landlæknis. Að sjálfsgöðu yrði að bera þetta mál undir lækna landsins, og fá skriflegt samþykki þeirra. Þó hefði það ekki vakað fyrir nefndinni, að slík skipun á embættaveitingum yrði til fram-biðar, fremur en verkast vildi, heldur væri hún neyðarvörn, meðan það ástand hjeldist sem nú er (leturbr. hjer). Að minsta kosti liti hann sjálfur þannig á málið. Slík embættaneftnd yrði að sjálfsgöðu að gæta fullrar sanngirni í garð almennings og yfirvalda, jafnframt því sem hún hugsaði um hag stjettarinnar. Almenningsheill yrði ætíð að meta mest.“

Síðan samþykki fundurinn með öllum atkvæðum — nema

gestum en þeim, sem vildu sætta sig við óbrotið tjaldlif í nokkra daga.

Engu væri enn ráðið til lykta um tilhögunina í einstökum greinum. En hátíðin ætti að hefjast á helgunardag Alþingis, sem bæri næsta ár upp á fimtugadaginn 26. júní og ætti að standa til laugardagskvælds 28. júní. Yrði fyrst guðsþjónusta og mundi biskup landsins stiga í sjálfgerðan ræðustól, sem væri í gjánni norðan af fossinum. Við þá guðsþjónustu yrði algengur safnaðarsöngur og yrði sungið einraddað. Væri svo til ætlast að sem flestir af mannsöfnuðinum tæki undir sönginn. Yfirleitt væri tilætlunin sú að landsmenn yrðu á hátíðinni sem þátttakendur fremur en áhorfendur. Til þessarar guðsþjónustu mundi gengið í skróðgöngu og mundi konungur og landstjórn ganga fyrir, þá klerkar í fullum skróða, síðan þingmenn og gestir og þá allur almenningur. Mundi hvert sýslu- og bæjarfjelag ganga undir merki sinu og einstök fjelög innan þeirra fylkinga undir fjelagsmerkjum.


Að lokinni guðsþjónustu mundi forsætisráðherra kynna gesti.

Þá yrði gengið til Lögbergs. Mundi þingvallakórið syngja: „Ó, guð vors lands“, en forsætisráðherra síðan halda stutta ræðu. Að því loknu yrði sunginn fyrri hluti hátíðaljóðanna. Því næst yrði þingfundur settur og mundi þá forseti sam-einaðs þings halda ræðu. Yrði það þýðingamesta ræða hátíðahaldanna. Síðan yrði sungin síðari hluti hátíðaljóðanna og að því loknu matarhlje.

Klukkan hálf þrjú yrði aftur gengið til Lögbergs. Mundi þá fulltrúar erlendra ríkja flytja kveðjur lands síns í örstuttum ræðum en fáni hvers lands dreginn að hún um leið og fulltrúi þess gengi fram.

Klukkan 4 yrði söguleg sýning og mundu þeir Sigurður Nordal og Ólafur Lárússon ráða efninu en Haraldur Björnsson leikari sjá um sýninguna.

Þá yrðu sögulegir hljómleikar með kvæðalögum o. þ. h., Næsti dagur mundi hefjast með veðreiðum í Bolabás. Kl. 2 yrði þingfundur og þá samþykkt einhver mikilsvarðandi löggjöf. Kl. 2½ yrði Vestur-Íslendingum heilsað á Lögbergi. Kl. 3 ríkisráðsfundur á Lögbergi, kl. 4 nýttisku hljómleikar. Kl. 8 um kvöldið yrði fimleikasýning.



**H.F. HAMMAR**

VJELAVERKSTÆÐI  
 JÁRNSTEYPA  
 KETILSMÍÐJA

Frankvæmdarstjóri: **O. MALMBERG.** Tryggvagötu 54, 45, 43, Reykjavík, Ísland  
 Símar: 50, 189, 1189, 1289, 1640. Símnafni: HAMMAR. Útbú: HAFNARFIRÐI.

Tekur að sjer allskonar aðgjörðir á skipum, gufuvjelum og mótorum. Framkvæmir allskonar rafmagnssuðu og logsuðu, hefir einnig loftverkfæri.

Steypir alla hluti úr járni og kopar. Eigið Modelverkstæði.

Miklar vörubirgðir fyrirleggjandi.

Vönduð vinna og fljótt af hendi leyst, framkvæmd af fagmönnum. Sanngjarnt verð.

— Hefir fyrsta flokks kafara með góðum útbúnaði. —

Býr til minni gufukatla, mótorspil, snurpinótaspil, reknetaspil og „Takelgoss“.

Íslenskt fyrirtæki.

Styðjið innlendan iðnað.

landlæknis, sem greiddi ekki atkvæði —, að leita undirtekta allra íslenskra lækna um tillögu nefndarinnar.

Undirtektirnar urðu þær, að um 90% af öllum íslenskum læknum kusu nefndarmenn.

Dómsmálaráðherrann skrifar smákláusu um þessi samtök íslensku lækna-stjettarinnar og telur þau að eins samblástur „embættislausra lækna í Reykjavík“. En sannleikurinn er sá að allir hjeraðslæknar á landinu — að undanteknum þremur, hafa tekið þátt í nefndarkosningunni.

Munu þess fá dæmi, að heil stjett manna hafi risið upp til þess að mótmæla jafn einróma ranglæti veitingavaldsins og læknarnir hafa gert hjer.

**Yfirfræðslumálastjóri.**

Sú saga gengur um bæinn og er höfð eftir Sigurði nokkrum Einarssyni, sem klerkur var í Flatey ekki alls fyrir löngu, að hann sje yfirfræðslumálastjóri hjer á landi, til þess skikkaður af mentamálaráðherranum að hafa eftirlit með kenslu í skólum sem ríkisstyrks njóta. Mönnum hefir gengið illa að trúá sögunni og haldið að þetta væri bara grobb og mannaletti úr Sigurði þessum, því að hann er talinn ofláti mikill. Fræðslumálastjórinn var spurður um þetta, en hann varðist allra frjetta.

En þó mun þetta satt vera, hvað sem veldur. Menn vita ekki til þess að fræðslumálastjórinn hafi gert sig sekan í neinni vanrækslu í embætti sínu. Hefði þá og rjettara verið að ljetta af honum einhverjum aukatörfum, heldur en að stofna nýtt embætti. Menn vita heldur ekki til þess að mentamálaráðherrann elski Ásgeir svo heitt, að hann, vilji þessvegna ljetta af honum störfum. Ef svo er þá leyna báðir ástinni vel. Menn vita yfirleitt ekki til þess, að sú hljðin sem að Ásgeiri snýr gefi nokkurt tilefni til stofnunar þessa nýja starfs.

En þó erfitt verði að benda á að Ásgeir Ásgeirsson hafi gefið nokkurt tilefni til þessarar ráðstöfunar þá verður þó líklega enn erfiðara að benda á kosti Sigurðar. Þegar Sigurður þessi var í kjöri af hálfu Framsóknar í Barðastrandasýslu við

síðustu kosningar sagði einn af merkustu mönnum Framsóknar, fyrverandi þingmaður, að þetta væri mesta hneyksli, sem flokkinn hefði hent. Er þetta álit Framsóknarmannsins vist nokkuð alment á Sigurði. Hefir þessi klerkvígði lanleysingi flækst flokka á milli hjer á landi, en hröklast úr hverjum sémilegum fjelagsskap með lítilli sæmd, og þykir vanta tilfinnanlega „strengi í brjóstið“. En slíkar plöntur þykja sóma sjer vel í jurtagarði herrans frá Hriflu.

**Undirjónas og stúdentarnir.**

Það er ekki lítil vonskan í Undirjónasi við stjórn stúdentafjelagsins, af því að hún neyddi hann til að taka leiðrjettingu út af frásögn Tímans af stúdentafundinum um rek-torsembættið.

Undirjónas er að snúa upp á sig af því að honum hafði ekki verið boðið á þennan fund. En hingað til hefir ekki þurft að bjóða honum á stúdentafundi, þó hann hafi setið þar, því hann hefir fylgt húsbónda sínum eins og rakkinn eigandanum. Undirjónas er líka viðkunnasta boðflenna, sem til er hjer á landi, svo allra manna sist getur hann afsakað fjarveru sína með því að honum hafi ekki verið boðið.

Þeir Tímanafnarnir hafa nú fundið það út að hvergi megi ræða slík mál sem setningu Pálma Hannessonar nema í blöðum og á Alþingi. Hvað hefir nú komið þeim á slíka skoðun? Fyrir tveim árum síðan voru báðir á stúdentafundi og var þá ekkert talað um að hvergi mætti ræða skólamál nema á Alþingi og í blöðunum.